

Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðar

Norðurhella 2

221 Hafnarfjörður

Hafnarfjörður 22.03.2016.

Varðandi breytingu á deiliskipulagi Skarðshlíðar/Völlum Hafnarfirði.

HS VEITUR vilja vekja athygli á því að fyrirhuguð breyting á deiliskipulagi Skarðshlíðar hefur í för með sér þó nokkra breytingu á hönnun, strengstærðum, lagnaleiðum og búnaði í götuskápum.

Hér eru helstu þættir sem breytast:

1. Hanna verður rafdreifikerfið miðsvæðis í hverfinu upp á nýtt.
2. Sum ný hús munu fara yfir núverandi heimtaugalagnir sem leggjast þar af leiðandi af.
3. Öflugri strengi og rofa þarf fyrir fjölbýlishús sem koma í staðinn fyrir mörg smærri hús.
4. Vegna breytinga á götuheitum þá þarf að breyta heitum á rofum á dreifistöðvateikningum og götuskápateikningum (heimtaugar voru lagðar á sínum tíma skv. fyrri götuheitum).

HS VEITUR gera ráð fyrir að Hafnarfjarðarbær kosti breytingar á rafkerfinu vegna breytinga á skipulagi.

Virðingarfyllt,

F.h. HS VEITNA

Guðm. Steinn Guðmundsson